

Áfangalýsing ML

Titill	Menning og bókmenntir
Námsgrein:	Danska
Viðfangsefni:	Bókmenntir, menning, stig b2 í evrópska tungumálarammanum
Skammstöfun:	DANS2MB05
Prep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Nemendur lesa fjölbreytta texta, bæði fréttatexta, þar sem þeir kynnst Danmörku dagsins í dag, og einnig fræðilega og bókmenntalega texta svo þeir kynnist þeim arfi sem menning Dana hvílir á. Einnig er lögð áhersla á að kynna Danmörku í myndum og máli með dönskum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum og hlustun á fréttir og umræðuþætti í dönsku útvarpi. Nemendur vinna sjálfstætt að viðameiri verkefnum í formi kynninga og ritunarverkefna. Áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og gagnrýna og um leið skapandi hugsun. Nemendur eiga að geta komið kunnáttu sinni til skila í ræðu og riti. Lokaverkefni áfangans getur t.d. verið á formi heimildaritgerðar eða bókmenntaritgerðar, sem nemendur kynna í lok annarinnar.
Forkröfur:	DANS2MO05 DANS2MO05
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none">• dönsku þjóðlífi og menningu og hvernig danskan opnar aðgang að norræna menningarsvæðinu (menntun og atvinnulífi) og hvað er sameiginlegt og hvað er ólíkt með hinum Norðurlandþjóðunum• mikilvægi þess að beita mismunandi lestraraðferðum eftir tilgangi lesturs• orðaforða sem gerir nemandanum kleift að skilja fræðilega texta sem og daglegt mál• almennum málfræðireglum dansks máls svo hann geti ritað skammlausan texta á dönsku• uppsetningu og skipulagi ritaðs máls og hvernig velja skal heimildir
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none">• skilja eðlilegt talað mál við mismunandi aðstæður og einnig flóknara talað mál og jafnvel umræður á dönsku• lesa fjölbreytta texta um ólík efni og beita þeim lestraraðferðum sem henta hverju sinni• tjá sig munnlega á dönsku um málefni sem hann hefur kynnt sér• rita texta af ólíkum gerðum. Styttri texta svo sem starfsumsókn, auglýsingu, umfjöllun um skáldsögu eða kvikmynd, sendibréf o.s.frv. og lengri texta svo sem bókmenntaritgerð eða aðra fræðilega ritgerð

	<p>þar sem leita skal heimilda og nota þær</p> <ul style="list-style-type: none"> • fylgja skal helstu málnotkunarreglum við þessi skrif • beita meginreglum danskrar málfræði og setningafræði • túlka mismunandi bókmenntatexta
Hæfniviðmið:	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • skilja daglegt mál svo sem samræður og fjölmiðlaefni • skilja inntak erinda og annars flóknara efnis sem hann hefur kynnt sér • afla sér upplýsinga úr margvíslegum rituðum textum svo sem blaðagreinum, bókmennta- eða fræðitextum • draga eigin ályktanir af textum og setja þær fram bæði munnlega og skriflega • taka þátt í daglegum samræðum við fólk sem hefur dönsku að móðurmáli • skiptast á skoðunum og tjá hugmyndir sínar á áheyrligan hátt • halda undirbúnar kynningar blaðalaust fyrir áheyrendur • skrifa læsilega og málfræðilega rétta lengri texta um valið efni á persónulegan og skapandi hátt.
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.